

### Markmið

- Að nemendur þekki landnám Íslands og daglegt líf á landnámsöld
- Að nemendur kynnist sögunni í textum, munum, hefðum og minningum
- Að nemendur þekki Ísland, landshlutaskiptingu þess og sína heimabyggð
- Að nemendur geti notað kort af Íslandi til að afla sér upplýsinga
- Að nemendur þjálfist í færni í samskiptum á jafningjagrundvelli
- Að nemendur sýni sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra

### Kennsluaðferðir/vinnulag

2-4 kennslustundir á viku, fjölbreyttar kennsluaðferðir, hópavinna, einstaklingsnám, vinnubókavinna, þemavinna, hringekja, val, bekkjarfundir, kynningar.

### Námsmat

Símat, vinna og virkni í kennslustundum, kannanir.

### Námsgögn

Víkingaöld, Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna , Ísland – hér búum við, kortabækur, vinnubækur, ljósrituð blöð og ýmis verkefni.